Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2025-2026

Endurnýjun námsefnis og rafræn próf í ensku í 9. bekk

Inngangur

Endurnýjun á námsefni á unglingastigi hefur ekki átt sér stað í fjölmörg ár. Af þeim sökum hafa enskukennarar orðið að treysta alfarið á eigið frumkvæði og vinnu við gerð námsefni fyrir nemendur á unglingastigi. Til að höfða til nemenda hafa enskukennarar Garðaskóla síðastliðin ár staðið í stöðugri þróun og breytingum á kennsluefni. Lögð hefur verið áhersla á að próf séu rafræn. Í ljósi þess að sú mikla vinna sem liggur að baki þessum kennslubreytingum og prófagerð nær langt utan daglegrar vinnuskyldu kennara var ákveðið að sækja um styrk til að halda þessu mikilvæga starfi áfram.

Markmið /verkefnið í hnotskurn:

Meginmarkmið verkefnisins var að uppfæra enskukennslu samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla með fjölbreyttu námsefni og kennsluháttum. Verkefnið var tvíþætt: annars vegar að afmarka betur með lotum hvaða hæfniviðmið eru lögð til grundvallar (tilgreind hæfniviðmið í Aðalnámskrá Grunnskóla eru: hlustun og áhorf, lestur og lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun og menningarlæsi) og hins vegar að búa til próf í Google Forms og safna þannig í prófabanka.

Undirbúningur og samstarf

Undirbúningur hófst strax á skipulagsdögum kennara í ágúst 2025. Þrír kennarar sem sáu um kennslu flestra hópa í 9. bekk (7 hópar) tóku að sér að halda utan um verkefnið.

Lýsing á framgangi verkefnisins:

Strax á skipulagsdögum kennara í ágúst var tímarammi settur fyrir verkefnið. Námsáætlun var gerð með 6 lotum þar sem tilgreind voru verkefni, hæfniviðmið hverrar lotu og námsmat. Eftir hverja lotu funduðu kennarar til að meta hvernig til tókst og samræma námsmat. Ákveðið var að hefja önnina á stöðumati í lesskilningi og málfræðiprófi sem voru sett upp rafrænt í Forms. Gert var ráð fyrir að allir nemendur myndu taka prófið á Chromebook tölvum frá sveitarfélaginu. Kennarar hittust á nokkrum undirbúningsfundum en umtalsverð vinna var í upphafi þar sem huga þurfti að mörgum mismunandi þáttum s.s. uppsetningu, útliti, efnistökum, hljóðskrár og vistun gagna. Eftir framkvæmd prófsins komu í ljós nokkrir þættir sem höfðu áhrif á framgang verkefnisins. Yfirferð prófanna reyndist umfangsmeiri en upphaflega var gert ráð fyrir og þurfti að fara ítrekað yfir sum þeirra. Mikil vinna fór í að læra á vinnuumhverfið s.s. geymslu og undirbúning prófa á drifi sem og búa til sérstaka hópa fyrir lesblinda nemendur í Classroom til að einfalda yfirferð. Ákveðið hafði verið að hafa 6 lotur á skólaárinu og voru rafræn próf í öllum og í sumum lotum jafnvel fleiri. Rafrænt lokapróf nemenda í 9. bekk var í síðustu lotunni á prófadögum. Kennarar sem héldu utan um verkefnið voru í miklu samstarfi í öllu ferlinu, voru duglegir að funda og deila reynslu sinni með hvor öðrum. Námsmatsvinna sem byrjaði á síðasta skólaári nýttist enn fremur vel í verkefninu.

Framkvæmd á verkefninu

Í ágústmánuði var grunnur lagður að áætlun vetrarins og ákveðið hvaða þemu yrðu á dagskrá. Áætlun var aðgengileg í Innu með fyrirvara um breytingar. Ákveðið var hvaða hæfni yrði þjálfuð í hverri lotu og hvaða próf nemendur ættu að taka í Forms. Auk þess var efni safnað fyrir næstu lotur. Verkefni og matsviðmið voru gerð fyrir fyrstu lotu og hófst undirbúningur fyrsta prófsins í september. Á haustönn voru þrjár lotur og lögð fyrir nemendur 5 rafræn próf. Á vorönn voru þrjár lotur og einnig 5 rafræn próf. Tímasetning á lotunum hélt sér eins og skipulagt hafði verið í upphafi. Í flestum tilvikum þurfti fleiri en eina útgáfu prófa. Allir kennarar í verkefninu komu að því að semja prófin, setja upp og lesa yfir. Eftir hvert próf voru niðurstöður skoðaðar og breytingar gerðar eftir þörfum. Prófin voru vistuð á ákveðnum stað og samhliða verkefninu varð endurskipulagning á skjölum deildarinnar á rafrænum stöðum (Drive, Teams og Innu).

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Sú áætlun sem lögð var upp með stóðst ágætlega. Hindranir voru þó margar og birtust sérstaklega í tæknilegum atriðum auk þess töluvert lengri tími en áætlað var í upphafi fór í að prófa sig áfram, læra á kerfið og búa til fyrstu prófin. Þó kerfið spari tíma við yfirferð þarf eftir sem áður að fara yfir ákveðnar spurningar hjá hverjum og einum nemanda sem tekur drjúgan tíma. Þá má nefna að töluverð áskorun reyndist að fá nemendur til að mæta með tölvur í próf, þær gleymdust heima eða voru rafmagnslausar og ákveðinn hópur sýnir tölvunum litla virðingu. Engar aukatölvur var hægt að grípa í þegar þessi staða kom upp og þurftu nemendur þá að þreyta próf á pappír.

Árangur verkefnis

Það endurskipulag og uppbygging á námslotum sem farið var í hefur skilað ótvíræðum ávinningi fyrir skólastarfið bæði hvað varðar nám nemenda og vinnu kennara. Skýr og einföld framsetning þar sem verkefnayfirlit, hæfni sem unnið er með og sýnilegt námsmat skilar skarpari sýn á námið. Nemendur voru almennt mjög ánægðir með lotukerfið og þetta prófafyrirkomulag og því einhugur í kennurum enskudeildarinnar að halda áfram á þessari braut og uppfæra aðra árganga með sama hætti. Þegar litið er til rafrænna prófa þá er augljóst að rafræn próf eru mun umhverfisvænni kostur heldur en pappírspróf. Hlutleysis kennara er gætt við yfirferð sem verður talsvert einfaldari. Krossapróf eru fljótyfirfarin en aðrar útgáfur talsvert tímafrekari en kennarar höfðu vonast eftir. Rafræn próf koma betur til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda, ekki síst lesblindra sem geta stækkað letur að vild og notað liti. Eftir veturinn hefur safnast í prófabanka sem mun nýtast vel. Það er því ljóst að mikill ávinningur er af verkefninu sem hefur stutt við endurmenntun kennaranna sem tóku þátt í því þar sem síaukin notkun rafrænna miðla í námi og kennslu kallar á markvissa þekkingu og færni. Endurmenntun kennara í notkun rafrænna miðla er því lykilþáttur í þróun skólastarfs og undirbúningi nemenda fyrir samfélag sem einkennist hraðri tækniþróun.

Afurðir verkefnisins

Rafræn lotupróf í nokkrum útgáfum fyrir nemendur í ensku í 9. bekk. Námsáætlun með heildstæðri lotuvinnu sem byggir á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Uppgjör kostnaðar

Heildarupphæð styrks: 1.040.000
Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
8. júní 2026	**Elfa Huld Haraldsdóttir** **Ingibjörg Anna Arnarsdóttir** **Vilborg María Ísleifsdóttir**	**346.667** **346.667** **346.667**

8.6.2026 Ingibjörg Anna Arnarsdóttir
_____
dags. nafn verkefnisstjóra

24.6. 2026 Jóhann Skagfjörð Magnússon
_____
dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla